

Fimmti fundur haldinn að Breiðabliki 12. júní 2020 að Breiðabliki kl. 09:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð. Konráð Konráðsson mætti undir fyrsta og öðrum lið lið.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Endurskoðunarskýrsla Eyja og Miklaholtshrepps vegna 2019. Konráð fór yfir skýrslu ársins 2019.
2. Ársreikningur Eyja og Miklaholtshrepps vegna 2019 seinni umræða. Samþykktur samhljóða.
3. Drög að samning við Borgarbyggð um brunavarnir. Samþykktur samhljóða.
4. Stuðningur við ÍM vegna starfsemi sumarsins. Stórn ÍM hefur mótað starfið í sumar og er það metnaðarfullt og ber að faga því. Tillaga liggur fyrir fundinum að veita ÍM eftirfarandi styrki.
 - Frístundastyrk sem myndi fara upp í að greiða þjálfurum laun vegna frjálsíþróttta og sund æfinga til þess að ekki þurfi að innheimta þáttökugjöld vegna æfinga kr. 350.000,-
 - Styrk til að kaupa áhöld sem það þarf til að vera með æfingar kr. 150.000,-
 - Almennan styrk sem ÍM nýtir í sitt starf kr. 100.000,-
Tillagan er samþykkt samhljóða.
5. Tækjakaup vegna íþróttastarfsemi og íþróttakennslu. Samþykkt samhljóða að kaupa dýnur, súlur og rá af Leiktæki og sport samkvæmt fyrirbyggjandi tilboði sem verður eign skólans sem ÍM getur fengið lánað í sumarstarf sitt.
6. Viðgerð á sundlaug og umhverfi hennar. Oddviti fór yfir stöðuna á verkinu en það er verið að laga sundlauginu og umhverfi hennar.
7. Erindi um framlag til Brákarhlíðar. Samþykkt samhljóða.
8. Tölvupóstar vegna girðingarmála kringum Vegamót. Sveitarstjórn fór yfir málið og mun halda áfram að vera í samtali við Vegagerðina um að laga girðinguna við vegi í sveitarfélaginu m.a. í kringum Vegamót.
9. Vegna fyrirhugaðra breytinga á sveitarstjórnarlögunum. Nú liggja fyrir alþingi drög að frumvarpi um breytingu á sveitarstjórnarlögunum sem m.a. fela í sér lámarks íbúafjölda. Ekki eru miklar líkur á því að þau verða samþykkt á vorþingi en væntanlega verða þau tekin upp á haustþingi. Þá er orðið hæpið að hafa lámarksíbúafjölda 250 íbúa frá árinu 2022 og því líkur á að það frestist til 2026. Engu að síður er mikilvægt fyrir hreppsnefnd að fara að skoða þessa hluti. Það verður ráðstefna um sameiningarmál á vegum SSV í byrjun september 2020 en þá verður væntanlega komið í ljós með hvaða hætti stjórnvöld sjá framhaldið fyrir sér. Hreppsnefnd telur mikilvægt að skoða fram að í september þau samningsmarkmið sem mikilvægt er að koma á framfæri í viðræðum við önnur sveitarfélög og einnig hvernig farið verður með eignir sveitarfélagsins.
10. Deiliskipulag við Laugargerðisskóla. Sveitarstjórn samþykkir að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi Laugargerðis, dags. 12.6.2020, í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

11. Fundarboð á aðalfund Sorpurðunar Vesturlands sem haldinn verður 15. júní 2020. Oddviti fær umboð til að sitja fundinn.
12. Fundargerðir Sorpurðunar Vesturlands. Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)